

Ef rödd mín hefði vængi, þá flygi hún til þín
og myndi hvísla í eyru þín hve sárt ég sakna þín.
Þú kenndir mér á lífið, þú sýndir mér svo margt
þú huggaðir og verndaðir ef lífið var of hart.
Þú kenndir mér að syngja, þú dansaðir við mig
ef slæmir draumar herjuðu var nóg að faðma þig.

Þú kenndir mér að trúa á mig er sjálfstraustið var lágt
þú faðmaðir og hughreystir þegar ég átti eitthvað bág.
Þú kenndir mér að syngja, þú dansaðir við mig
ef slæmir dagar herjuðu var nóg að faðma þig.
Þú gafst mér allt sem þurfti til að lukkan væri mín
það eina sem ég lærði ekki er að lifa án þín.

Guðrún Árný Karlsdóttir / Hrafnhildur Viðarsdóttir

BÆN OG FAÐIR VOR



Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjónvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði –
líf mannlegt endar skjótt.

MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll þá þú vilt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Kveðja
e, Bubbi Morthens

Prestur: Sr. Gunnar Stígur Reynisson
Söngur: Guðrún Árný Karlsdóttir
Umsjón: Albert Eymundsson

Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar
í Mánagardi að athöfn lokinni.



Svarthlist Hella



Kristín Egilsdóttir



Fædd 13. mars 1949

Dáin 30. október 2025

Útför frá Hafnarkirkju,
miðvikudaginn 12. nóvember 2025

FORSPIÐ

Mitt Faðirvor

e. Magnús Þór Sigmundsson

SIGNING OG BÆN

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson / Davíð Stefánsso

RITNINGARLESTUR

Líkt og ástarljóð sem enginn fékk að njóta,
eins og gulnað blað sem geymir óræð orð,
eins og gömul hefð sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og sumarást sem aldrei náði að blómstra,
líkt og tregatár sem geymir falleg bros,
þarna er gömul mynd sem sýnir glaðar stundir,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.
Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og mynd sem bjó í vonarlandi þínu,
eins og æskuþrá sem lifnar við og við,
býr þar sektarkennd sem ennþá nær að særa,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf

Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.
Þannig týnist tíminn, þannig týnist tíminn,
þannig týnist tíminn þó hann birtist við og við.

Líkt og ástarljóð sem enginn fær að njóta,
endar sem gulnað blað er geymir óræð orð,
eins og gamalt heit sem búið er að brjóta,
þar er ég, þar ert þú, þar er allt það sem ástin okkur gaf

Lag og texti: Bjartmar Guðlaugsson

RITNINGARLESTUR

Og stundin var, eins og eftir pöntun,
Við dóttir mín á heimleið, sem var orðin nokkuð löng.
Að barna sið, hún spurði um eitt og annað,
Og óvænt kom þá spurningin svo að hjartað kipptist við.

Svo mamma!
Er komum við til himna má ég snerta stjörnur?
Förum við bara í heimsókn, eða til að búa þar?
Má ég kyssa ömmu og afa? Fæ ég englavængi tvo?
Vill guð kannski fá pínulítinn engil
Til að þússa regnbogann.

Ég segi satt, ég ók þar út í kantinn,
Og sat um stund og þerraði af augum mínum tár.
Ég sagði, Guð besta gjöfin þín blessað barnið
Og blessað veri sakleysið sem kveikir von í sál.

Eins og:
Er komum við til himna má ég snerta stjörnur?
Förum við bara í heimsókn, eða til að búa þar?
Má ég kyssa ömmu og afa? Fæ ég englavængi tvo?
Villguð kannski fá pínulítinn engil
Til að þússa regnbogann.

Ég hugsaði um það kvöldið allt og hjartað mitt það söng,
Ég bað við rúmið hennar og bænin var ei löng.

Guð er ég kem ég upp til himna má ég snerta stjörnunar?
Ég vil ekki koma í heimsókn, heldur til að búa þar.
Hitta fjölskyldu og vini og frelsara minn að sjá
Og herra, get ég orðið svona engill
Sem annast regnbogann?

Mmmmmmm, má ég þússa regnbogann.

Laf: J. Bates/Texti Jónas Friðrik

GUÐSPIJALL

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.
Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf
Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf

Með landnemum sigldi hún um svarrandi haf.
Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf.
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.
Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin hljóð
hún var ástkonan rjóð
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins
inntak hjálpræðisins
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.
Hún hjúkraði og stritaði gleðisnauð ár.
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.
Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín
Hún er barnsmóðir þín.
Hún er björt sólarýn.

Ó, hún er ást, hrein og tær
Hún er alvaldi kær.
Eins og Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.
Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf
Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,
sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf

Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar,
sem ann þér og þér helgar sitt líf
Ómar Ragnarsson.

MINNINGARORÐ